



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangout - 29. september 2015 kl. 18:00

**Mætt:**

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þórður Bragason (ÞB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Ragnar Róbertsson (RR), Ari Jóhannsson (AJ), Einar Gunnlaugsson (EG), Brynjar Gauti Schiöth (BGS)

**Fjarverandi:**

Gunnar Bjarnason (GB), Guðbergur Reynisson (GR)

ÞA ritaði fundargerð.

---

**1. Akstursíþróttamaður ársins - karl og kona**

Búið er að óska eftir tillögum frá keppnisráðum sem þurfa að liggja fyrir 3ja október 2015 samkvæmt reglugerð um Akstursíþróttamann ársins.

**2. Dagskrá formannafundar**

Farið yfir dagskrá formannafundar.

Keppnisdagatal verði aðgengilegt til skoðunar fram að formannafundi. Félög og keppnisráð geta óskað eftir ákveðnum dagsetningum.

**3. Grunnslysatryggingar innifaldar í kaupum á keppnisskírteini?**

Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við tryggingarfélög um kostnað sem yrði því samfara að kaup á keppnisskírteini innifeli grunnslysatryggingu keppenda.

**4. Torfæra (NEZ - Formula Offroad Working Group) - Stefna AKÍS**

Farið yfir uppkast að tillögu um stefnu AKÍS í Torfæru. Stjórnarmönnum veitt heimild til að breyta skjalinu. Ákveðið að á stjórnarfundi þriðjudaginn 6. október er verði tillagan klár til að leggja fyrir Formannafund AKÍS.

**5. Mótakerfi AKÍS**

Umræður um þau kerfi sem koma til greina:

- KITI - of dýrt
- AKÍS - innanhúss
- MSÍ - JBJ og ÞA skoða
- Hjólamót - stjórn skoði (hjolamot.is)

Taka fyrir á næsta fundi.

**6. Önnur mál**